



Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2018
1802241/0.4.1/aba

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um greiðsluþátttöku sjúklinga, 44 mál á 144 löggjafarþingi.

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um greiðsluþátttöku sjúklinga. Embættið hefur áður gefið umsögn um svipaða tillögu þann 14. febrúar 2017. Jákvætt er að leitað sé leiða til að draga úr og jafna greiðslubyrði sjúklinga. Æskilegt er að lyfjakostnaður sé einnig hluti af greiðslukerfi sjúklinga með tilliti til hámarksgreiðslu sjúklinga.

Mikilvægt er að skoða greiðslur í heilbrigðisþjónustu heildstætt og þess má geta að þar sem ekki er varið meiri fjármunum til niðurgreiðslu á heilbrigðisþjónustu leiðir þetta óhjákvæmilega til þess að þeir sem minna þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda fá aukinn kostnað. Slíkar breytingar krefjast þess einnig að litið sé til forgangsroðunar stjórnvalda í heilbrigðismálum og að ákvarðanir um greiðsluþátttöku sjúklinga verði ekki til þess að önnur brýn verkefni þurfi að víkja. Þrátt fyrir þetta telur landlæknir að þessi tillaga sé skref í rétta átt.

Virðingarfyllst,

Birgir Jakobsson landlæknir